



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit

STARFSLEYFI

fyrir litla brennu við Ægisíðu

Nafn leyfishafa: Reykjavíkurborg v. Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar,
Miðborgar og Hlíða

Heimilisfang: Tjarnargata 11

Póstnúmer: 101

Kennitala: 530269-7609

Ábyrgðaraðili: Hörður G. Guðbjörnsson

Útgáfudagur leyfis: 27. des. 2018

**Gildir: 6. jan. 2019 kl. 18:30 til
20:30**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir brennur og leiðbeinandi reglum fyrir áramótabrennur.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Ef starfsleyfið er gefið út til lengri tíma en fjögurra ára er heimilt að endurskoða það á fjögurra ára fresti. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 27. desember 2018



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu tímabundins starfsleyfis

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

kt. 530269-7609

Laugavegi 77, 101 Reykjavík

vegna brennu, þann 6.1.2019.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur barst þann 21.11 sl. umsókn Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, kt. 530269-7609, um tímabundið starfsleyfi fyrir brennu á borgarlandi í Reykjavík, á brennustæði við Ægisíðu, þann 6. janúar 2019 kl. 18:30 (þrettándabrenna). Heilbrigðiseftirlitið hefur áður gefið út tímabundið starfsleyfi fyrir þrettándabrennu á sama stað á vegum þjónustumiðstöðvarinnar.

Móttaka umsóknarinnar var auglýst 21.11. sl. á heimasíðu embættisins <https://reykjavik.is/tillogur-ad-starfsleyfi-i-auglysingu>. Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og ákvæði reglugerðar nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, þar sem lagt er til að með starfsleyfinu gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir brennur og leiðbeinandi reglur fyrir áramótabrennur. Í starfsleyfisskilyrðum eru m.a. ákvæði um eftirlit með söfnun í bálkóst, leyfilegan eldsmat, mengunarvarnir og hreinsun að brennu lokinni auk ákvæða um lágmarksfjarlægð frá íbúðarbyggð, matvælaframleiðslu og öðrum viðkvæmum rekstri.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Brennan er á borgarlandi og fyrir liggur afnotaleyfi. Ekki var leitað umsagnar hjá skipulags- eða byggingafulltrúa.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að tímabundnu starfsleyfi fyrir þrettándabrennu 6. janúar 2019 á brennustæði við Ægisíðu í Reykjavík á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 22.11.2018 sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 20.12 sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfum.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis



Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, sjá samþykkt nr. 1052/2015 um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, var ofangreind starfsleyfisumsókn fyrir þrettándabrennu á vegum Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða tekin fyrir á 1347. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 27.12. sl. og samþykkt að gefa út tímabundið starfsleyfi fyrir starfsemina þann 6.1.2019.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 27.12.2018.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Tímabundið starfsleyfi fyrir brennu _____ (dags, mán, ár)

(Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 m.s.b. gilda einnig um starfsemina)

1. Gildis- og ábyrgðarsvið:

- 1.1 Leyfið tekur til _____ brennu, á _____ þann _____ með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykki og neðangreindum skilyrðum:
- 1.2 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé framfylgt.

2. Skilyrði

- 2.1 Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi lögregluþingvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra.
- 2.2 Veitt er leyfi fyrir allt að _____ m³ að stærð enda sé stærð hennar í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Ríkislögreglustjóra. “Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000.”
- 2.3 Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrsta lagi einum klukkutíma áður en kveik er í og þegar brennan er í “fullu báli” á ekki að hella meiri olíu á.
- 2.5 Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkendur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.
- 2.6 Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sorp, plast- og gummiefni (s.s. plastkassar, fiskkör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.
- 2.7 Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Brunamálastofnunar, Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) og Ríkislögreglustjóra frá 7. desember 2000.
- 2.8 Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
- 2.9 Öll meðferð skotelda og blysa er bönnuð nema á tímabilinu 27. desember til 6. janúar ár hvert.
- 2.10 Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 13. desember 2000

Tilvísun: 1999110035

518.0

**Allir lögreglustjórar
Lögregluskóli ríkisins**

Varðar bálkesti og brennur.

Meðfylgjandi bréfi þessu eru nýjar leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar um bálkesti og brennur.

Ríkislögreglustjóri, Brunamálastofnun og Hollustuvernd ríkisins hafa komið sér saman um lítilsháttar breytingar á leiðbeiningum frá 9. des. 1999 sem voru sendar öllum heilbrigðisnefndum, slökkviliðs- og lögreglustjórum.

Með þessari útgáfu dags. 7. des. 2000 falla eldri leiðbeiningar úr gildi.

F.h. RLS

Bálkestir og brennur

Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar

Ríkislögreglustjórinn, Hollustuvernd ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins hafa komið sér saman um að fylgja eftirfarandi:

1.

Gildissvið

Leiðbeiningar þessar eiga við um allt land. Þær gilda um alla bálkesti og brennur, hvort sem þær eru á vegum einka- eða opinberra aðila, þar sem fólk safnast saman sér til skemmtunar t.d. um áramót, á þrettándanum, á Jónsmessu og við fleiri tækifæri.

2.

Skilgreiningar

Bálköstur og brenna: Með bálkesti er átt við brennanlegt efni sem hlaðið hefur verið upp, en brennu þegar bálköstur er brenndur.

Stór og litil brenna: Átt er við stóra brennu þegar bálköstur verður stærri en 100 m^2 eða 450 m^3 og ætla má að brennutími, sbr. skýringar í 7. gr., vari í allt að 4 klst. Við litla brennu er átt þegar bálköstur nær ekki þessari stærð og brennutími er áætlaður 2 klst.

3.

Umsókn fyrir brennu

Enginn má halda eða standa fyrir bálkesti eða brennu nema að fengnu skriflegu leyfi lögreglustjóra. Einstaklingur eða lögaðili skal sækja skriflega um slíkt leyfi til lögreglustjóra í því umdæmi sem brenna er fyrirhuguð, með minnst 15 daga fyrirvara. Í umsókn skal tilgreina ábyrgðarmann, ef hann er annar en umsækjandi.

Með umsókn fyrir brennu skal fylgja skriflegt samþykki sveitarstjórnar, slökkviliðsstjóra og starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna tímabundins atvinnurekstrar eða einstakra framkvæmda, samkv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, ásamt vottorði frá váttryggingafélagi um ábyrgðartryggingu vegna brennunnar.

Umsækjanda skal afhent eintak af þessum leiðbeiningum sem hann, með undirskrift umsóknar og/eða sérákvæða í leyfi, skuldbindur sig til að fara eftir. Ef ábyrgðarmaður er annar en umsækjandi skulu báðir skrifa undir.

4.

Brennuleyfi

Í leyfi lögreglustjóra fyrir brennu skal koma fram hvenær heimilt er að hefja söfnun efnis á brennustaði, hver sé ábyrgðarmaður, hvort um sé að ræða litla eða stóra brennu og hvenær fyrirhugað er að kveikja í bálkestinum.

Taka skal fram í brennuleyfi, ef sérstakar skyldur umfram leiðbeiningar þessar eru lagðar á umsækjanda og ábyrgðarmann vegna aðstæðna á brennustað.

5.

Hlutverk ábyrgðarmanns á brennustað

Óheimilt er að safna efni á brennustæði á öðrum tíma en tilgreindur er í brennuleyfi. Fyrir áramótabrennur skal söfnun á brennustæði að jafnaði ekki hefjast fyrir en 27. desember.

Ábyrgðarmanni, eða fulltrúa hans ber að vera á brennustað meðan móttaka efnis stendur yfir og eftir atvikum vakta bálköstinn m.a. til að koma í veg fyrir að hann verði notaður sem sorpfögunarleið fyrir efni sem ekki má brenna.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að olíuföt og önnur ílát verði fjarlægð áður en kveikt er í bálkesti, ábyrgjast vörslu á brennusvæði á meðan logar og þar til brenna er kulnuð.

Ábyrgðarmanni ber að sjá um hreinsun á brennusvæði strax fyrsta virka dag eftir að brenna er kulnuð og eigi síðar en á öðrum degi frá því kveikt var í henni. Um hreinsun skal haft samráð við fulltrúa sveitarfélags.

6.

Umbúnaður um bálköst

Nauðsynlegar ráðstafanir skal gera til að ekki komi til foks á efnunum áður en kveikt er í bálkesti t.d. með því að hlaða bálköstinn ekki upp fyrir en nauðsynlegt er, eða verja hann foki t.d. með netum eða á annan sambærilegan hátt.

Ekki má hlaða bálköst það brattann að hætta sé á að hann geti hrunið út. Halli á hliðum bálkastar ætti ekki að vera meiri en 30-40°

Ef vindstyrkur er meiri en 15 m/sek eða ef vindátt er óhagstæð á brennustað, eða ætla megi að það verði á brennutíma, getur lögreglustjóri frestað íkveikju. Ef slíkar aðstæður koma upp eftir að kveikt hefur verið í bálkesti getur slökkvilið án fyrirvara slökkt í brennunni.

Bálköst skal staðsetja þar sem góður aðgangur er að nægjanlegu slökkvivatni.

7.

Stærð og fjarlægðir frá mannvirkjum

Stærð og umfang á bálkesti skal takmarka við brennutíma, þ.e. að góður logi standi ekki lengur en skemmtan við brennu, eða um 4 klst. Séð skal til þess að ekki logi lengur í brennu en í 14 klst.

Lítill brenna má að jafnaði ekki vera nær íbúðarbyggð en 100 metrar og stór brenna ekki nær en 300 metrar. Engin brenna má vera nær matvælaframleiðslu og öðrum viðkvæmum rekstri en 400 metrar.

Bálköst skal ekki staðsetja þar sem hætta er á að eldur eða neistaflug geti kveikt í gróðri t.d. sinu.

8.

Aðrar mengunarvarnir

Brennstæði skal valið þannig að engin hætta sé á grunnvatnsmengun frá olíu, ösku og öðrum hugsanlegum mengandi efnum sem geta lekið út í umhverfið. Ef náttúrulegar aðstæður eru ekki fyrir hendi skal tryggt, t.d. með sandbornu undirlagi vel út fyrir brennstæði, að jarðgrunnur og gróður skemmist ekki af völdum brennu.

Einungis er leyft að brenna efnum sem ekki valda hættulegri mengun. Æskilegasta brennuefnið er ómeðhöndlað timbur, pappi og pappír.

Óheimilt er að brenna gagnfúavarið timbur, plast- og gúmmiefni, svo sem plastkassa, fiskikör, netaafskurð, bíldekk og spilliefni.

Nota skal eins lítið og unnt er af besta fánlegu eldsneyti til að kveikja í bálkesti. Heppilegast er að nota díselolíu, en þyngri olíu á stóra bálkesti. Notkun á bensíni er bönnuð.

9.

Meðferð skotelda við brennur

Við brennu og í næsta nágrenni við hana er öll meðferð flugelda og annarra skotelda, sem hætta stafar af vegna ferils þeirra eftir tendrun, bönnuð. Þar er aðeins leyfilegt að nota stjörnuljós og blys, þó ekki skotblys.

10.


Afturköllun brennuleyfis

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla brennuleyfi bótalaust, komi í ljós að einhverjar forsendur í leyfinu eru brostnar.

Með leiðbeiningum þessum falla úr gildi eldri leiðbeiningar.

Reykjavík, 7. des. 2000

F.h. Brunamálastofnunar ríkisins



F.h. Hollustuverndar ríkisins



F.h. Ríkislögreglustjórans

